

## FUNDARGERÐ

244. stjórnarfundur Ríkisútvarpsins ohf.

Haldinn í Efstaleiti 1, 31. ágúst 2022 og hófst kl. 16:15.

Mætt voru stjórnarmennirnir Silja Dögg Gunnarsdóttir, Jón Ólafsson, Margrét Tryggvadóttir, Ingvar Smári Birgisson, Aron Ólafsson, Diljá Ámundadóttir, Nanna Kristín Tryggvadóttir, Mördur Áslaugarson, og Þráinn Óskarsson. Að auki sátu fundinn Hrafnhildur Halldórsdóttir áheyrnarfulltrúi, Stefán Eiríksson útvarpsstjóri, Anna Bjarney Sigurðardóttir framkvæmdarstjóri fjármála og Margrét Magnúsdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð. Gestir fundarins voru dagskrárstjórar Rásar 1 og 2, Þróstur Helgason og Matthías Már Magnússon.

### 1. Fundargerð

Fundargerð 243. stjórnarfundar var samþykkt og fundargerð 240. stjórnarfundar var samþykkt með þeim fyrirvara að Mördur Áslaugarson var eini stjórnarmaðurinn í núverandi stjórn sem sat þann fund. Þá var fundargerð 242. stjórnarfundar undirrituð aftur þar sem fyrra eintak hafði glatast.

### 2. Fjármál

Framkvæmdastjóri fjármála kynnti rekstrarafkomu RÚV í maí, júlí og stöðu rekstrar félagsins eftir sjö mánuði ársins. Tekjur voru hærrí en áætlun gerði ráð fyrir vegna aukinnar auglýsingasölu en rekstrargjöld voru einnig hærrí en áætlað var vegna húsaveiðgerða, aukins kostnaðar við dreifikerfi, aðkeyptrar vinnu o.fl. Fjármagnsliðir voru einnig neikvæðir vegna aukinnar verðbólgu en stærsti hluti skulda RÚV sé verðtryggt skuldabréf vegna eldri lífeyrisskuldbindinga. Uppgjör fyrir júlí sé svipað, tekjur töluvert meiri, kostnaður einnig meiri og fjármagnsliðir töluvert umfram áætlun vegna verðbólguáhrifa. Staðan eftir sjö mánuði ársins sýni tekjuaukningu umfram áætlun og umfram aukningu rekstrargjalda. Fjármagnsliðir séu neikvæðir vegna verðbólgu. Horfur á næstu mánuðum séu jákvæðar hvað varðar auglýsingatekjur en kostnaður mun að öllum líkindum verða hærrí en áætlun. Á það sér í lagi við um þá rekstrarliði sem tengdir séu vísitölu neysluverðs. Einnig séu líkur á því að fjármagnsliðir verði áfram neikvæðir vegna verðbólgu.

Þá var farið yfir kostnað og tekjur vegna Söngvakeppni sjónvarpsins, Eurovision og tengdrar þáttagerðar. Einnig var með sama hætti kynntar tölur og umfang vinnu RÚV við sveitarstjórnarkosningarnar 2022. Heildaryfirlit yfir fjármögnun RÚV var einnig lagt fram ásamt yfirliti yfir þróun vaxtaberandi skulda RÚV á undanförunum árum og niðurgreiðslu þeirra.

### 3. Minnisblað útvarpsstjóra

Útvarpsstjóri sagði frá aðalfundi EBU sem var haldinn í lok júní sl. Um var að ræða hefðbundin aðalfundastörf þar sem m.a. kosið var í stjórn EBU. Áhugaverðar pallborðsumræður voru um hlutverk almannþjónustumiðla í fréttáflutningi af stríðsátökum. Þá hafi hann stýrt erindi og pallborði um áskoranir almannþjónustumiðla í tengslum við innleiðingu breytinga.

Stefán upplýsti stjórn um ákvörðun Fjölmíðlanefndar um kostun á dagskrárliðnum Tónaflóð um landið, sem sýndir voru á RÚV sumrin 2020 og 2021. Niðurstaða nefndarinnar var að ekki hafi verið um að ræða íburðarmikið dagskrárefni og ekki heimilt að líta á allar útsendingarnar sem eina samfellda heild. RÚV var gert að greiða 1.500.000 kr. sekt vegna þessa. Stefán lýsti því hvernig umrædd dagskrágerð varð til sem viðbragð við óvæntri stöðu mála vegna heimsfaraldurs og breyta þurfti í grundvallaratriðum stóru Tónaflóðs tónleikum með skömmum fyrirvara.

mt  
Jó  
SDGT  
SHR

Stefán minnti á Útvarpsþingið sem yrði haldið 22. september frá kl. 9 til 12. Ný stefna RÚV verði í forgrunni og nýr vefur um stefnuna fari í loftið. Þrír erlendir fyrirlesarar munu fjalla munu um mál sem eru lykiláhersluatriði í stefnunni. Ávarp verði frá ráðherra, pallborðsumræður og samantekt í lokin.

Öflugt innra starf hjá RÚV sé farið í gang. Til dæmis sé fræðsludagskrá í mótun, fræðiferð til YLE í Helsinki í október o.fl. Úthlutað hafi verið nýlega úr Tónskáldasjóði RÚV og STEF. Margrét Jónasdóttir hafi verið ráðin aðstoðardagskrárstjóri sjónvarps og áhorfsmet var á EM kvenna í knattspyrnu.

Árshlutauppgjör RÚV sé að verða klárt og lagði hann til að stjórnarfundur, þar sem verði farið verði yfir uppgjörið, verði haldinn 20. september nk. í hádeginu. Það var samþykkt.

Stefán kynnti fyrirkomulag innkoma dagskrárstjóra og framkvæmdastjóra inn á stjórnarfundum í haust.

#### 4. Kynning – dagskrárstjórar Rásar 1 og Rásar 2

Þróstur Helgason dagskrárstjóri Rásar 1 og Matthías Már Magnússon kynntu starfsemi sinna rása.

#### 5. Önnur mál

Ábending kom fram frá stjórnarmanni um auglýsingu á vegum VR. Ekki hafi komið fram að auglýsingin hafi verið frá þeim í fyrstu auglýsingu herferðarinnar og benti á umfjöllun í Viðskiptablaðinu um málið.

Silja D. Gunnars de Þór  
Aron Ólfsson  
Jón Ólafur  
þórunn Óskóla  
Hafurhildur Hafðalstóttir  
Tilavagnir Tuggvagnir  
Máttur  
Sigurður H. Rissason (sed)